



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 • Sími 470 2300 • Fax 472 1588  
Pósthólf 15 • Hafnargata 44 • 710 Seyðisfjörður  
Netfang: sfk@sfk.is • Veffang: www.seydisfjordur.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1286*  
*komudagur 23.1.2013*

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
150 – Reykjavík

### Umsögn bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnábyrgð ríkisins í héraði. 161. mál.

Vísað er í þingskjal 161 - 161.mál. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skilur mikilvægi þess að endurskoða stjórnábyrgð og þar með framkvæmdavald og stjórnábyrgð ríkisins í héraði.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar lýsir andstöðu sinni við framkomin áform með frumvarpinu og telur að skorti frekari grunnvinnu sem felst í mati á stöðu, stefnumótun og áhrifum hvað varðar; þjónustu, öryggi og hagkvæmni áður en frumvarp þar að lútandi er tekið til afgreiðslu.

Bæjarstjórn gerir athugasemdir við þá fyrirætlan í frumvarpinu að aðskilja embætti sýslumanna og lögreglustjóra og telur embættin með núverandi fyrirkomulagi fara vel saman á Seyðisfirði. Það hafi sýnt sig að vera hagkvæmt og skilvirkt, sama eigi mun víðar við. Einnig að ekki hafi komið fram nægjanleg rök til færslu lögreglustjórnar frá sýslumannsembættum og að skort hafi á réttar forsendur.

Í því sambandi er bent á tölulið 4 í greinargerðinni „Ástæður fyrir sameiningu á sýslumannsembættum.“ Einkum telur bæjarstjórn að skoða þurfi mun betur hvernig lagt er upp með kafla um: „Byggðapróun og bættar samgöngur“ og „Sameining sveitarfélaga og sameining stofnana“. Verulega skortir á að horft sé til landfræðilegra aðstæðna, a.m.k. hér á Austurlandi. Varðandi kafla um kröfu um hagræðingu í ríkisrekstri og innihald hans bendir bæjarstjórn á nauðsyn þess að efla opinbera þjónustu út á landi. Ekki síst á Austurlandi eftir lækkun fjárveitinga sem hefur bitnað á þjónustu og öryggi íbúa á Seyðisfirði og Austurlandi einkum í hinum dreifðu byggðum og því eðlilegt að þar verði bætt verulega úr.

Sýslumannsembættið á Seyðisfirði er útvörður opinberrar þjónustu ríkisins á Seyðisfirði og vegna sérstakra aðstæðna á Seyðisfirði er afar mikilvægt að lögreglustjórn sé innan þess. Á Seyðisfirði eru ýmsar aðstæður sérstakar og þessar helstar:

- Ferju- og tollhöfn er á Seyðisfirði þar sem eru vikulegar ferjusiglingar frá Evrópu allt árið og komum skemmtiferðaskipa í Seyðisfjarðarhöfn fjölgar ár frá ári.
- Almannaþingarmál þar sem víða getur skapast ofanflóðahætta í firðinum bæði í þéttbýlinu og dreifbýli og jafnframt minnt á viðbragðsáætlun og viðbragðsþörf vegna ferju og skemmtiferðaskipa.
- Erfiðar samgöngur um Fjarðarheiði sem eru oft óvissar að vetrarlagi.

Þá geta samverkandi áhrif framangreindra ástæðna aukið vanda og erfiðleika.

Bæjarstjórn telur að þrjú tölusettt meginmarkmið í tölulið 6 í þingskjalinu „Markmið og nokkur meginþingarmál sem höfð eru að leiðarljósi“ séu allt of almennt orðuð og óljós, sem er afleiðing af skorti á nauðsynlegu mati á stöðu og aðstæðum.

Bæjarstjórn leggur til að frumvarpið verði dregið til baka og að hafin verði undirbúningsvinna við endurskoðun á stjórnábyrgð ríkisins í héraði með það að leiðarljósi að

efla hana með það að meginmarkmiði að bæta þjónustu og tryggja sem best öryggi íbúa með hagkvæmum hætti.

Einnig minnir bæjarstjórn á umsögn bæjarstjórnar Seyðisfjarðar um frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum, nr. 90/1996 með síðari breytingum sem samþykkt var í bæjarstjórn 1. júní 2011.

Seyðisfirði 18. janúar 2012.

Virðingarfyllt,

f.h. bæjarstjórnar Seyðisfjarðar

  
Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri





## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 • Sími 470 2300 • Fax 472 1588  
Pósthólf 15 • Hafnargata 44 • 710 Seyðisfjörður  
Netfang: [sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is) • Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)

Seyðisfirði, 1. júní 2011

Alþingi  
Nefndarsvið, b.t. Elín Valdís Þorsteinsdóttir,  
[elinvaldis@althingi.is](mailto:elinvaldis@althingi.is) og [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
150 Reykjavík

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum, nr. 90/1996 með síðari breyt.**

Vísað er í þingskjal 1305, 753. mál. Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar lýsir andstöðu sinni við framkomið frumvarp um breytingar á lögreglulögum og fyrirhugaðar breytingar á skipan sýslumanns- og lögregluembætta. Ljóst er að verði frumvarpið að lögum er verið er að grafa undan sýslumannsembættum á landsbyggðinni.

Sýslumannsembættið á Seyðisfirði er útvörður opinberrar þjónustu ríkisins á Seyðisfirði og vegna sérstakra aðstæðna á Seyðisfirði er afar mikilvægt að lögreglustjórn sé innan þess. Á Seyðisfirði eru ýmsar aðstæður sérstakar og þessar helstar:

1. Ferju- og tollhöfn er á Seyðisfirði þar sem farþegaferjan Norröna er með vikulegar siglingar allt árið frá Evrópu og skemmtiferðaskip eru vaxandi þáttur.
2. Almannaþingarmál þar sem víða getur skapast ofanflóðahætta í firðinum bæði í þéttbýlinu og dreifbýli.
3. Samgöngur, afar erfiðar og óvissar samgöngur um Fjarðarheiði nema að sumarlagi.

Þá geta samverkandi áhrif ofangreindra ástæðna aukið vanda og erfiðleika.

Bæjarstjórn leggur sérstaka áherslu á að ekki er gætt nægjanlega að öryggis- og almannavarna hlutverki lögreglunnar í frumvarpinu, þar sem þar gætir vanmats á landfræði og samgöngulegum óvissuþáttum.

Nokkuð víst er að mannauður og samnýting hans í embættunum eins og þau eru nú, muni rýrna með tilheyrandi þjónustu og öryggisskerðingu. Þjónusta muni færast fjær íbúunum sem reyndar hefur gerst nú þegar eftir að ekki eru starfandi lögreglumenn á Seyðisfirði. Má í því sambandi minna á að lögreglustöð staðarins var lokað og henni breytt í áfengisútsölu með ærnum tilkostnaði og eftir það engin aðstaða til að vista fanga sem er auðvitað óviðunandi í ljósi samgönguaðstæðna staðarins.

Af einstökum þáttum öðrum í frumvarpinu vill bæjarstjórn nefna að í 5. gr. er gert ráð fyrir samstarfsnefndum um málefni lögreglunnar. Gert er ráð fyrir aðkomu sveitarstjórnarstigsins með þeim hætti að sveitarstjórnir sjálfir sitji í nefndunum eins og segir greinargerð. Ekki er gert grein

fyrir með hvaða hætti nefndirnar eiga að starfa eða hvert valdsvið þeirra er og stjórnsýsluleg ábyrgð. Telur bæjarstjórn að skýra þurfi þessi atriði og hvernig komið verði til móts við kostnað sveitastjórna af þessu starfi.

Með frumvarpinu vantar greiningar á þjónustu-, öryggis- og fjárhagslegumáhrifum og öðru því sem breytingar þær sem þar koma fram munu hafa í för með sér. Ekki er með neinum hætti gert grein fyrir fjárhagslegum ávinningi af fyrirhuguðum breytingum. Þess í stað er gert ráð fyrir að mikið vald verði fært í hendur verkefnisstjórnar, sem er bæði framsal á fjárhagslegum þáttum og valdaframsal. Jafnframt er gert ráð fyrir að þróað verði reiknilíkan sem tekur tillit til íbúafjölda og umferðar, en ekki að hugað skuli að stærð landsvæða, erfiðu náttúrufari og öðrum mikilvægum þáttum sem snúa að t.d. aðstæðum sem skapast vegna vaxandi fjölda ferðamanna í strjálbýlu landi.

#### **Byggjum á þeim mannauði og þekkingu sem til staðar er**

Bæjarstjórn telur mikilvægt að farið sé afar varlega í að raska verulega fyrirkomulagi opinberrar stjórnsýslu án þess að áður hafir farið fram ítarlegt mat á áhrifum á nærsamfélag þar sem þjónustan er veitt. Sýslumannsembættin hafa verið mikilvægir vinnuveitendur, með lögregluna innanborðs. Verði frumvarpið að lögum mun það veikja atvinnufjölbreytni og atvinnustig og aðra innviði og öryggisþætti samfélagsins.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar beinir þeirri áskorun til innanríkisráðherra og þingmanna að stuðla að áframhaldandi starfrækslu sjálfstæðs lögreglu- og sýslumannsembættis á Seyðisfirði og að starfsemi þess og þjónusta verði eflað t.d. með flutningi verkefna þangað sem féllu að starfsemi þess. Fyrir liggja fölpættar tillögur um verkefni sem flytja mætti til sýslumannsins á Seyðisfirði, sem hægt er að leggja fram sé þess óskað. Rétt er að benda á þá miklu þekkingu og reynslu sem til staðar er hjá embætti sýslumannsins á Seyðisfirði í umsýslu og meðferð tollamála, málefnum erlendra ferðamanna og viðskipti og innheimtur af starfsmannaleigum. Einnig hefur verið bent á að halda mætti utan um landskrá erfðaskrá og kaupmála, en einnig að viðhald og þróun opinberra vefja gæti vel verið staðsett á Seyðisfirði.

Jafnframt leggur bæjarstjórn til að fallið verði frá frumvarpinu en þess í stað farið í vinnu við að skoða hvernig efla megi starfsemi og þjónustu Sýslumannsembætta til að efla þjónustu og almannahag á starfssvæðum þeirra, jafnt fyrir íbúa og ferðamenn. Á Seyðisfirði er þetta afar mikilvægt eins og áður er komið fram vegna þeirra sérstöku aðstæða sem hér eru.

Virðingarfyllst,

Seyðisfjarðarkaupstaður

*Vilhjálfur Jónsson*  
  
Vilhjálfur Jónsson